

67. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 20. apríl 2009 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Hilma Steinarsdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, Jóhanna Helgadóttir, Sigurður Jóhannes Jónsson og Björn Guðmundur Björnsson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að fá að bæta á dagskrána sem lið 6, fundagerð sveitarstjórnar dags.19.maí 2010, samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

- 1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 5. maí 2010**
Lögð fram til kynningar.
- 2. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 11. maí 2010**
Lögð fram til kynningar.
- 3. Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs dags. 11. maí 2010**
Samþykkt samhljóða
- 4. Fundargerð stjórnar Eyþings dags. 30. apríl 2010**
Lögð fram til kynningar.
- 5. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 7. maí 2010**
Lögð fram til kynningar.
- 6. Fundargerð sveitarstjórnar 19. maí 2010**
Lögð fram til kynningar
- 7. Skýrsla sveitarstjóra.**
 - Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.
 - Sveitarstjóri sagði frá því að borist hafði umsókn frá Oddnýu Sigríði Kristjánsdóttir í stöðu æskulýðs fulltrúa og leggur sveitarstjóri til að hún verði ráðin til reynslu í sumar. Samþykkt með 6 atkvæðum gegn einu.
- 8. Bréf frá Norðurþingi dags. 7. maí 2010**
Í bréfinu kemur eftirfarandi bókun fram:
Byggðarráð fyrir hönd sveitarfélagsins Norðurþings fer þess á leit við sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum að sveitarfélagið Norðurþing verði leiðandi í þjónustu við fatlaða, þar sem þessi þjónusta verður um næstu áramót færð frá ríki til sveitarfélaga. Samþykki sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum að verða þátttakendur í þessu verkefni mun sveitarfélagið Norðurþing óska eftir undanþágu vegna íbúafjölda þjónustusvæðisins.

Til þess að þetta geti gengið upp er nauðsynlegt að sveitarfélögin haldi áfram löngu og farsælu samstarfi í félags- og skólaþjónustu. Byggðarráð óskar eftir staðfestingu að svo verði áfram. Tilvitnun lýkur.

*Hvað varðar fyrri hluta bréfsins þá samþykkir sveitarstjórn Langanesbyggðar það fyrir sitt leyti að vera þátttakandi í þessu verkefni og jafnframt að Norðurþing leiði það að því tilskildu að það sé hagstæðasti kosturinn fyrir Langanesbyggð. **Samþykkt samhljóða.***

Hvað varðar seinni hluta bréfsins þá hefur sveitarstjórn Langanesbyggðar fullan áhuga á að halda áfram samstarfinu vegna félags- og skólaþjónustu og tekur undir orð byggðarráðs Norðurþings að það samstarf hafi verið farsælt. **Samþykkt samhljóða.**

9. Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra dags. 29. apríl 2010

Sigurður Ragnar Kristinsson taldi sig vanhæfan og var það borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða. Sigurður vék af fundi.

Umsögn Langanesbyggðar vegna takmarkana á dragnótaveiðum.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggst gegn fyrirleggjandi tillögum um frekari takmarkanir á dragnótaveiðum af eftirtöldum ástæðum.

1. Engin fiskifræði né vistfræðileg rök eru lögð fram til stuðnings tillögunum, en ráðuneytið virðist horfa fram hjá niðurstöðum nýlegra rannsókna vísindamanna Hafrannsóknastofnunnar á áhrifum dragnótaveiða á lífríkið.

2. Frá Suðurnesjum og Snæfellsnesi eru flestir dragnótabátar landsins gerðir út, á sömu mið og margar af öflugri smábátaútgerðunum byggja afkomu sína á. Því er erfitt að fallast á að sjónarmið ráðuneytisins; “að veiðar með ólíkum veiðarfærum sem ekki fara saman verði haldið aðskildum með skipulögðum hætti” eigi við nokkur rök að styðjast.

3. Frá Langanesbyggð er gerður út einn dragnótabátur, Geir ÞH 150.

Er hann reyndar eini stærri dragnótabáturinn með veiðileyfi á svæðinu frá Rifstanga að Stokksnesi. Samkvæmt upplýsingum frá útgerð bátsins hafa veiðar með dragnót óvída verið takmarkaðar jafnmikið og fyrir Austfjörðum undanfarin ár og verði umræddar tillögur að veruleika þrengir enn frekar að afkomumöguleikum útgerðarinnar.

Sveitarstjóra falið að koma þessari bókun til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Samþykkt með 4 atkvæðum og tveir sátu hjá

Sigurður Ragnar Kristinsson kemur inn á fundinn.

10. Beiðni um styrk dags. 17. maí 2010

Í bréfi sem Hulda Sigurðardóttir skrifar fyrir hönd 9. bekkjar Grunnskólans á Þórshöfn er óskað eftir styrk að upphæð 100.000 kr. vegna skólaferðalags til Danmerkur. Siggeir og Hulda lýstu sig vanhæf og var það borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða og véku þau af fundi.

Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.

Siggeir og Hulda koma inn á fundinn.

11. Drög af bæjarkorti.

Lagt fram til kynningar

12. Ársreikningur 2009 seinni umræða.

Helstu niðurstöður ársreikningi ársins 2009.

Tölur í þúsundum króna	
Rekstrategjur	581.359
Rekstragjöld án afskrifta	(534.701)
Aðkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði	46.658

Afskriftir	(41.399)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(56.774)
Tekjuskattur og hluteild í afkomu dótturfélaga	9.680
Veltufé frá rekstri skv. sjóðstreymi	20.168

Tölur úr ársreikningi
Langanesbyggðar árið 2009.

Ársreikningur Langanesbyggðar samþykktur samhljóða

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.
Fundi slitið kl: 18:50.